

Félagsmiðstöðin Boran

Frístunda- og menningarnefnd Sv. Vogar

Sumar 2010

Gleðilegt sumar!


Eins og síðustu sumur mun félagsmiðstöðin Boran bjóða uppá fjölbreytta dagskrá.

Allar skráningar og frekari upplýsingar fara fram í félagsmiðstöðinni á milli klukkan **11:00-15:00** alla virka daga.



Félagsmiðstöðin Boran
Hafnargötu 17-19
Sími: 440-6224

**Sveitarfélagið
Vogar**



- Vinnuskólinn
- Leikjanámskeið
- Knattspyrnuskóli
- Matjurtagarðar
- Kofaborgir
- Golfnámskeið
- Útilífsskóli skáta
- Leikjanámskeið í ágúst auglýst síðar.

Einnig í bækling:

- Fréttir úr félagsstarfi unglunga, eldri borgara og frístundaskólans



Sumarið er tíminn

Sumarið er skemmtilegur tími bæði fyrir börn og fullorðna. Eftir að skóla lýkur tekur við tímabil þar sem ævintýri og spennandi verkefni leynast víða á björtum og löngum dögum.

Í Sveitarfélaginu Vogum er ýmislegt skemmtilegt að gerast í sumar og er tilgangurinn með þessum bæklingi að gefa yfirlit yfir það. Sveitarfélagið sjálft býður upp á ýmsa kosti, en einnig bjóða önnur félagasamtök upp á ýmislegt spennandi. Fólk er hvatt til þess að kynna sér það sem er í boði bæði hér innan sveitarfélagsins sem og annars staðar.

Foreldrar og forráðamenn þurfa að hafa það hugfast að sumarið getur verið mikill umbreytingartími í lífi ungs fólks. Það er því mikilvægt að viðhalda reglu og að við hin fullorðnu fylgjumst með því sem börnin og unglíngarnir eru að fást við. Sá tími sem fjölskyldan ver saman er í senn dýrmætur og skemmtilegur.


Njótum sumarsins 2010 saman.

Ólafur Þór Ólafsson

frístunda- og menningarfulltrúi Sveitarfélagsins Voga



Leikja- námskeið og knattspyrnuskóli



VERÐ Á VIKU

Skráning hafin!

Í sumar verða rekin saman knattspyrnu-skóli Þróttar og leikjanámskeið Borunnar fyrir börn fædd 2004 og 1.-3. bekk í grunnskóla. Knattspyrnu-skólinn er frá kl 9-12. Hægt er að vera allan eða hálfan daginn á leikjanámskeiðunum. 9-12/12-16/9-16. Í boði eru fimm námskeið í júní-júlí, eitt

fjögra daga (v/17. júní) og fjögur fimm daga. Námskeiðin verða eftirtaldar vikur: 14.-18. júní, 21.-25. júní, 28. júní-2. júlí, 5.-9. júlí, og 12.-16. júlí. Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá verður í boði. Umsjónarmenn leikjanámskeiðanna og knattspyrnuskólans í sumar eru

Hanna Bára Andrésdóttir og S.Hilmar Guðjónsson. Markmið námskeiðanna er að börnin kynnst sem flestum útileikjum og verði virkir þátttakendur í þeim og hafi gaman af. Börnin skulu ávalt vera klædd eftir veðri, því skjótt skipast veður í lofti.

4 daga námskeið	2400-4700
5 daga námskeið	2650-5300
Hádegismatur	630 vikan

SKRÁNING

Skráning og greiðsla fer fram í félagsmiðstöðinni alla virka daga frá kl. **11:00-15:00**.

Vinsamlegast athugið: 24 pláss eru á hverju námskeiði.

Frekari upplýsingar fást í félagsmiðstöðinni og í síma 440-6224.

Nesti, klæðnaður og dagskrá

Börnin þurfa að koma með nesti til að narta í um miðjan morgun og miðjan dag. En hægt er að kaupa léttan hádegisverð fyrir börnin í hádeginu. Starfsfólk leggur mikið

upp úr því að nesti barnanna sé hollt og gott. Starfsfólk vinnur að skipulagningu leikja með börnunum. Farið verður í gönguferðir, kynnisferðir, fræðslu-

ferðir, sundferðir og margt fleira.

Ef illa viðrar gæti þurft að breyta fyrirfram ákveðinni dagskrá og þá yrðu börnin inni við skemmtileg verkefni.



Skátar, golf og kofaborgir

Útilífsskóli skáta—Vogabúar

**Útilífsnámskeið,
aldurshópurinn 8 -
12 ára kl 9-15**
Námskeið 19. júlí -
23. júlí - útilega

**Grallaranámskeið,
aldurshópurinn 6 - 7
ára kl 9-15**
Námskeið 9. ágúst -
13. ágúst
Útilífsnámskeið með
útilegu 9000 kr
Grallaranámskeið
7500 kr
Veittur er 10%
systkinaafsláttur af
þessu verði. Þátt-
tökugjald skal greiða
á fyrsta degi
námskeiðs eða áður
en námskeið hefst.

**Upplýsingar fyrir
námskeiðið**
Þátttakendur fá bréf
með öllum nánari
upplýsingar um
námskeiðið og úti-
leguna/dagsferðina
eigi síðar en viku fyrir
námskeið. Nauðsyn-
legt er að þátttak-
endur mæti klæddir
eftir veðri og með
hollt og gott nesti
fyrir daginn.
Nánari upplýsingar og
skráning
sandra@hraunbuar.is

www.hraunbuar.is

Kv.Sandra Guðrún



Kofaborgir

Boðið verður upp
á kofaborgir 21.
júní- 2. júlí. Þar
gefst krökkum á
aldrinum

8-12 ára tækifæri
að smíða sér kofa.
Krakkarnir þurfa
að koma sjálf með
verkfæri eins og
hamar og slíkt. Á
svæðinu verður
timbur og naglar.
Eftirlit og aðstoð
verður á svæðinu
frá kl. 09-12 og
13-15. Kostnaður
fyrir hvern
kofa+lóð er
10.000kr. Nánari
staðsetning
auglýst síðar.

Golfnámskeið hjá Golfklúbbi Vatnsleysustrandar

Boðið verður upp
á golfnámskeið í
sumar á svæði
GVS við Kálfa-
tjörn. Námskeiðið
stendur yfir í
þrjár vikur og
kennt verður á
mán-fim.

7.-24.júní.
Vanur golf-
kennari verður
leiðbeinandi.
Þátttökugjald er
kr. 12.000 fyrir
námskeiðið.
Nánari upplýs-
ingar kynntar

síðar.

Skráning fer fram
í Félagsmiðstöð-
inni.

Eldri borgarar

Vorgleði eldri borgara

Miðvikudaginn

2. júní verður vorgleði eldri borgara haldin í Álfagerði. Gleðin hefst kl. 16:00. Boðið verður upp veitingar og einhver skemmti atriði. Takið daginn frá.



Við þökkum samstarfið í vetur.
Sigrún Wiencke & Jóna Ósk

Álfagerði fer síðan í sumarfrí í framhaldi af því og opnar svo aftur um miðjan ágúst.




Matjurtagarðar

Eins og undan farin ár verða matjurtagarðarnir á sínum stað. Fátt er betra að hausti en nýsprottnar kartöflur og grænmeti. Beðin eru staðsett við gatnamótin inn í Voga.



Eitt beð kostar 1500 kr. og útsæði ca 4 kg og áburður kostar 1000 kr. Beðum verður úthlutað fimmtudaginn 27.maí milli kl 16-18 við garðana.

Skráning og greiðsla fer fram í Álfagerði hjá Sigrúnu Wiencke á milli kl. 09:00-12:00 mán-fim.
Sími: 440-6228
sigrun@vogar.is





Vinnuskólinn

Fyrir unglunga í 8. 9. og 10. bekk

Vinnuskólinn

- Umsóknar eyðublöð fást í félags miðstöðinni.
- Skráning er til 28.maí.
- Mæting við gamla Skyggnis húsið í Akurgerði þann 8. júní.

Eins og undanfarin ár verður vinnuskóli Sveitarfélagsins Voga starfræktur í sumar. Þar gefst unglungum í 8. - 10. bekk tækifæri á vinnu yfir sumartímann.

Vinnuskólinn hefst stundvíslega kl 08:30 mánudaginn 8. júní. Mæting er við gamla Skyggnishúsið (v/ Akurgerði).

Frekari upplýsingar fást í félags miðstöðinni milli kl. **11:00-15:00** alla virka daga.



Unglingar fæddir 1990-1993



Sveitarfélagið Vogar mun bjóða unglungum sem fæddir eru 1990-1993 upp á vinnu í 8 vikur í sumar. Vinnan verður með svipuðu sniði og

vinnuskólinn og hefst 8. júní.

Umsóknar eyðublöð ásamt frekari upplýsingum fást í félags- miðstöðinni milli kl. **11:00-15:00** alla virka daga.

Umsóknarfrestur er til 28.maí.



Félagstarf unglinga

Boru-Race og fleira

Félagsmiðstöðin Boran opnaði eftir sumarfrí í nýjum búning. Fengum nokkrar hressar stelpur til að skreyta félagsmiðstöðina. Í Borunni hefur verið boðið uppá fjölbreytt starf fyrir unglinga í 8.-10. bekk í vetur. Sem dæmi má nefna opunarhátíðina, andvökunótt, borðtennismót, stelpu og strákakvöld o.fl. Haldið var nýársball í samvinnu við Stóru-Vogaskóla sem tókst mjög vel. Við tókum einnig þátt í Stíl 2010 sem er fata og hönnunarkeppni Samfés.



Lokakvöld félagsmiðstöðvarinnar var föstudaginn 21.maí. Þá var keppt í hinu árlega Boru-Race. Síðan var grillað í góðu veðri og fleira skemmtilegt gert.



Starfsfólk félagsmiðs stöðvarinnar þakkar samstarfið í vetur.



Með sumarkveðju

Gummi, Jóna Kristbjörg og Bjarni.

Frístundaskólinn



Frístundaskólinn er búinn að eiga frábæran vetur og skellum við okkur glöð inn í sumarið.

Starfi

Frístundar lýkur samhliða starfslokum skólans. Viljum við því þakka börnum og

foreldrum kærlega fyrir samveruna og samstarfið í vetur.

Kveðja Guðný og Vilborg.



Sumaropnun Íþróttamiðstöðvarinnar

Í sumar verður Íþróttamiðstöðin opin á eftirtöldum tímum:

Mánudaga-föstudaga 08:00-19:30
Laugardaga og sunnudaga 10:00-16:00

Sími: 440-6220

